

## Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2017

Mjólkuruppgjör aðildarfélaga SAM vegna ársins 2017 var afgreitt frá stjórn SAM 27. febrúar 2018 og sent til Framkvæmdanefndar búvörusamninga.

Árið 2017 var mjólkurframleiðsla samtals 151.204.701 lítrar, en greiðslumark ársins var 144 milljónir lítra. Aðildarfélög SAM tóku á móti 151.116.865 lítrum, þar af allri mjólk sem framleidd var umfram greiðslumark samtals 7.204.700 lítrum.

Sala mjólkurafurða hjá aðildarfélögum SAM á Íslandi árið 2017 var rúmlega 58.070 tonn. Samkvæmt gildandi stuðlum um samsetningu mjólkurafurða samsvaraði salan 132.051.453 lítrum mjólkur á próteingrunni og 145.113.569 lítrum á fitugrunni. Sala á fitugrunni var yfir greiðslumarki ársins og aðildarfélög SAM gengu á birgðir vegna sölunnar.

Framleidd mjólk umfram greiðslumark hvers árs skal, samkvæmt 29. og 52. grein laga nr. 99/1993, fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar, en Framkvæmdanefnd búvörusamninga getur heimilað sölu þessara vara innanlands ef heildarframleiðsla verður minni en sala og birgðastaða gefa tilefni til.

Aðildarfélög SAM fluttu út samtals 2.554 tonn af mjólkurafurðum árið 2017. Sundurliðun útflutnings og umreikningur í mjólk á grunni fitu- og próteininnihalds er í eftirfarandi töflu:

Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2017

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	1.239.972	132.444	4.415.898
Sýrðar vörur	296.918	10.477	572.615
Smjör	93.000	2.007.312	140.895
Ostar	594.167	1.199.021	7.859.361
Undanrennuduft	330.000	51.480	4.013.460
Samtals:	2.554.057	3.400.734	17.002.229

Útflutningur mjólkurafurða á vegum aðildarfélaga SAM árið 2017 var meiri en umframmjólk reiknað á próteingrunni. Lagaskyldu um útflutning umframmjólkur er því fullnægt hvað varðar próteinhluta umframmjólkur.

Við uppgjör mjólkur vegna verðlagsársins 2016 átti eftir að flytja út eftirstöðvar af fituhluta umframmjólkur ársins 2016, sem samsvöruðu 2.772.849 lítrum. Með bréfi dagsettu 20. febrúar 2017 óskaði Samstarfsnefnd SAM og BÍ eftir heimild Framkvæmdanefndar búvörusamninga til að flytja út eftirstöðvar umframmframleiðslu ársins 2016 eftir því sem birgðastaða og markaðsaðstæður veittu tækifæri til árið 2017. Framkvæmdanefnd búvörusamninga veitti þá heimild með bréfi dagsettu 15. mars 2017.

Útflutningur mjólkurvara á fitugrunni árið 2017 þarf fyrst að ganga til útflutnings vegna eftirstöðva umframmjólkur frá árinu 2016, en síðan til umframmjólkur ársins 2017. Af útflutningi ársins 2017 eru því 627.885 lítrar á fitugrunni sem nýtast á móti umframmjólk ársins 2017:

Útflutt á fitugrunni árið 2017	3.400.734
Flutt út vegna ársins 2016	2.772.849
<hr/>	
Útflutt af umframmjólk 2017	627.885

Í árslok 2017 átti eftir að flytja út mjólkurvörur sem samsvara 6.576.815 lítrum á fitugrunni vegna umframmjólkur ársins 2017 ( $7.204.700 - 627.885 = 6.576.815$ ).

Á stjórnarfundi SAM 27 febrúar 2018 var samþykkt óska eftir að Framkvæmdanefnd búvörusamninga heimilaði aðildarfélögum SAM að flytja út mjólkurafurðir á árinu 2018 sem samsvara þeim 6.576.815 lítrum af mjólk, reiknað á fitugrunni, sem óráðstafað var af umframmjólk ársins 2017 í lok þess árs.